

Alþingi  
Erindi nr. P 135/259/  
komudagur 7.5.2008



Lágmúli 7, 5. hæð  
108 Reykjavík  
Sími: 588 4400  
Fax: 588 4410  
juris@juris.is  
www.juris.is

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndarsvid@althingi.is](mailto:nefndarsvid@althingi.is)

Reykjavík, 6. maí 2008

**Umsögn Félags kjúklingabænda og Svínaræktarfélags Íslands um frumvarp til laga um breytingar á á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.**

Fyrir hönd Félags kjúklingabænda og Svínaræktarfélags Íslands eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp. Einkum eru gerðar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins er lúta að breytingu á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, lögum nr. 93/1995, um matvæli, og lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

I.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir að eignarétturinn sé friðhelgur og að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji. Þurfi til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir.

Samkvæmt viðtækri skilgreiningu hugtaksins „eign“, nær það til hvers kyns eignaréttinda, jafnt beinna sem óbeinna, alveg án tillits til þess hver eignin er. Almennt hefur verið talið, að stjórnarskráin noti orðin „eign“ og „eignaréttindi“ í mjög viðtækri merkingu. Þannig hefur hugtakið ekki eingöngu verið talið ná til hlutbundinna réttinda, heldur einnig annarra fjárhagslegra réttinda, hvort heldur þau eigi rætur að rekja til einkaréttar eða opinbers réttar.

Þannig hafa t.d. atvinnuréttindi, önnur en þau sem sérstaklega eru varin í 75. gr. stj. skr., verið talin eignaréttindi í skilningi 72. gr., sem menn verði ekki sviptir bótalaust.

Í 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið hér á landi, er að finna ákvæði sem ætlað er að tryggja friðhelgi eignaréttarins. Hefur ákvæðið verið túlkað mjög rúmt af hálfu mannréttindadómstóls Evrópu (MDE). Hefur dómstóllinn lagt til grundvallar, að væntingar einstaklinga eða lögaðila til kröfu byggða á réttargerningi eða lögum, kunni eftir atvikum, að njóta verndar ákvæðisins.

Til þess að væntingar geti talist hafa stofnað til eignaréttinda, þurfa þær að vera réttmætar, m.ö.o. lögmætar. T.d. kann löng og óslitin réttarframkvæmd að teljast hafa skapað þeim sem á þeirri framkvæmd hefur byggt, ákveðinn réttindi, eignaréttindi.

Eins og nefnt hefur verið, hefur réttarástand á sviði framleiðslu búfjárafurða héraðs, verið nær óbreytt um áratugaskeið, auk þess sem pólitísk umræða hefur öll verið í þá veru, að ástandið myndi haldast að mestu óbreytt áfram. Enda hefur íslenska ríkinu verið allt frá upphafi veitt sérstök undanþága frá ákvæðum EES sammingsins um innflutning búfjárafurða.

Hin langa og óslitna lagaframkvæmd á þessu sviði, kann því að hafa leitt til þess, að innlendir framleiðendur hafi talist öðlast lögmætar væntingar í þá veru að þeir megi gera ráð fyrir því, að óbreytt réttarástand muni vara áfram. Um sé að ræða eignaréttindi eins og þau hafa verið túlkuð, sbr. að framan, með svipuðum hætti og aflaheimildir. Slikum eignarétti verða menn ekki sviptir bótalaust.

Hinar lögmætu væntingar inn. framl. lúta m.a. að þeim fjárfestingum sem ráðist hefur verið í af þeirra hálfu. Má fullyrða, að forsenda innlendra framleiðenda hafi verið sú, að lagaumhverfi á þessu sviði myndi ekki taka jafn róttækum breytingum og fyrirvaralítlum eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

## II.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja, að sá aðlögunartími sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, en gert er ráð fyrir að lögin komi til framkvæmda haustið 2009, sé of skammur,

til að innlendum framleiðendum búfjárafurða gefist nægt svigrúm til að bregðast við hinum gríðarmiklu breytingum á markaðsaðstæðum og óhjákvæmilegt er verði frumvarpið að lögum. Eðlilegt er að innlendum framleiðendum verði veittur rýmri aðlögunartími, svo unnt verði að tryggja hagsmuni stéttarinnar, einkum með hliðsjón af þeim fjárfestingum sem þeir hafa lagt í á grundvelli gildandi réttar og væntinga um að lagaumhverfið héldist óbreytt. Má benda á, að aðlögunartími sem veittur var við gildistöku EFTA samningsins var 10 ár. Vart er óeðlilegt að veittur verði svipaður aðlögunartími í þessu tilviki. Einnig má nefna að þegar grænmetisbændur þurftu að þola svipaðar breytingar, fengu þeir aðlögun í formi rekstrarstyrkja í ákveðinn tíma, þó að deila megi um lögmæti slíkra aðgerða í dag.

Miðað við óbreytt tollaumhverfi, er fyrirséð, að erlendir framleiðendur búfjárafurða muni eiga greiða leið inn á innlenda markað. Hættan er sú, að þeir muni með skjótum hætti taka yfir hinn innlenda markað, ef svo má segja, og nær samstundis kippa fótunum undan innlendri framleiðslu, enda stendur hún ekki styrkum fótum fyrir. Framleiðendur eru almennt mjög skuldsettir, og því er ljóst, að þeir hafa litla sem enga burði í harða erlenda samkeppni á þessum vettvangi. Auk þess getur innlend framleiðsla með engu móti talist standa jafnfætis evrópskri hvað framleiðslukostnað varðar, enda aðstæðum vart saman að jafna. Gefur auga leið, að erl. framl. mun reynast auðvelt, í krafti stærðar sinnar og hagkvæmra framleiðsluhátta, að yfirtaka hinn innlenda markað. Tímabundin undirboð gætu t.d. valdið íslenskum framleiðendum svo verulegum skaða, að óvíst er að þeir gætu staðið það af sér.

Einnig ber að horfa til þess, að smásölumarkaðinum ráða að meginstefnu eingöngu tveir stórir aðilar. Miðað við reynslu undanfarinna missera má telja fullvist, að þessir aðilar verði helstu innflutningsaðilar kjötvöru, og verða þar sem öflugur samkeppnisaðili innlendra framleiðenda. Þar með eru innlendir framleiðendur sláturafurða komnir í harðvítuga samkeppni við langstærstu og jafnvel einu viðskiptavini sína. Liggur í augum uppi, að slík staða getur ekki gengið til lengdar. Því er nauðsynlegt áður en ráðist verður í róttækar breytingar af þessu tagi, að tryggja að eðlilegt markaðsumhverfi verði við lýði á þessum markaði, sem augljóslega stefnir ekki í miðað við efni frumvarpsins. Ljóst er að slík fákeppni mun eingöngu skerða stöðu innlendra framleiðenda gagnvart innfluttri vöru. Einsýnt er, að með innkomu erlendra aðila á markaðinn, munu innlendir aðilar knúnir til að lækka verð framleiðslu sinnar, ella verða undir í samkeppni á smásölumarkaði. Hins vegar mega

innlendir framleiðendur búfjár alls ekki við því. Ljóst má því telja, að verði frumvarp þetta að lögum, óbreytt, mun það hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir innlenda framleiðslu búfjárafurða, og þar með tefla hagsmunum fjölda bænda, jafnvel bændastéttarinnar allrar í tvísýnu.

Í þessu samhengi er nauðsynlegt að átta sig á því, að komi til offramboðs á kjöti á íslenskum markaði, eiga innlendir framleiðendur enga raunhæfa möguleika á því að losna við sínar afurðir utan Íslands en löng reynsla er fyrir tilraunum til þess. Þannig getur óheftur innflutningur valdið stöðugu offramboði á kjötvöru sem leiðir til lækkandi skilaverðs til framleiðenda, sem að lokum mun, í ljósi reynslunnar, óhjákvæmilega leiða til hruns og gjaldþrota í greininni. Einnig er rétt að minna á, að þegar til þessa hefur komið, hefur það ekki skilað sér nema að litlu leyti til neytenda í landinu.

Einnig er rétt að hafa í huga, að offramboð á svokölluðu hvítu kjöti hefur sannanlega bitnað á sölu á öðru kjöti þar sem sala hefur dregist verulega saman við þær aðstæður. Því er hrein fásinna að líta á þetta sem afmarkað vandamál kjúklinga- og svínakjötsframleiðenda, eins og stundum virðist gert.

### III.

Eins og nefnt hefur verið, hefur löggjöf á þessu sviði verið löng og óslitin, sem m.a. hefur haft það að markmiði að vernda innlenda framleiðslu búfjár, einkum með hliðsjón af markaðsaðstæðum, en einnig m.t.t. heilbrigðissjónarmiða.

Þessi langa og óslitna framkvæmd hefur leitt til þess, að innlendir framleiðendur búfjár hafa öðlast ákveðnar væntingar til þess að lögum yrði ekki breytt hvað þetta varðar. Svo kann að vera, að þessar væntingar megi teljast til eignar, eins og hugtakið hefur verið skilgreint, einkum með hliðsjón af dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Þ.e. að innlendir framleiðendur hafi öðlast lögmætar væntingar, sem hafi skapað þeim eignaréttindi, sem þeir verði ekki sviptir bótalaust.

Má a.m.k. færa fyrir því rök, að sá aðlögunartími sem innlendum framleiðendum er gefinn skv. frumvarpinu sé allt of skammur, einkum með hliðsjón af þeim væntingum sem ætla má að þeir hafi haft til óbreytts réttarástands.

#### IV.

Ekki er sérstaklega gert ráð fyrir því, að breyting verði á því fyrirkomulagi sem er við lýði á innflutningi búfjárafurða að því er varðar tolla, þó má segja að tollvernd alifuglakjöts verði mun lakari, enda er mikið lægri magntollur á ferskum beinlausum alifuglaafurðum en frosnum. Hins vegar er ljóst að þeir tollar sem nú eru lagðir á erlendar sláturafurðir nægja ekki til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda gagnvart erlendum, skv. framansögðu. Í umræðunni hefur því gjarnan verið haldið fram, að fyrst Noregur gat tekið upp þessa löggjöf, ætti það að vera vandkvæðalaust fyrir Ísland. Því er alfarið hafnað, að líkja megi reynslu Norðmanna á innleiðingu umræddra EES-gerða, við íslenskar aðstæður. Eins og áður segir eru tollar mun hærri á hráum matvælum í Noregi en hér á landi. Á þetta einkum við um kjúklinga- og kalkúnakjöt, sem og reykt og saltað svínakjöt.

Hinn 1. mars 2007 lækkuðu tollar á kjöt og kjötvöru frá ESB ríkjum um 40%, með nánast engum fyrirvara. Sú lækkun skerðir mjög möguleika innlendra framleiðenda til að mæta samkeppni erlendis frá. Tollar á ferskar kjötvörur eru eftir þessa lækkun mun lægri hér á landi en t.d. í Noregi. Eins og sjá má af töflunni hér að neðan bera vinsælustu kjötvörurnar til innflutnings, t.d. ferskar og frosnar kjúklingabringur og reykt svínakjöt, miklu hærri tolla í Noregi en hér á landi:<sup>1</sup>

Skv tollskrá:	nánar:	ÍSLAND		NOREGUR	
		Verðtollur	Magntollur	Verðtollur	Magntollur
<b>Kjöt og ætir hlutar af alifuglum</b>					
- Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus:	Kjúklingar				
-- Sneiðar og hlutar, nýtt eða kælt:					
--- Beinlaust	Ferskar bringur	18%	299 kr/kg	0%	1.545 kr/kg
--- Annað	Fersk læri, leggir, vængir	18%	299 kr/kg	0%	1.545 kr/kg
-- Sneiðar og hlutar, fryst:					
--- Beinlaust	Frystar bringur	18%	540 kr/kg	0%	1.195 kr/kg
--- Annað	Fryst læri, leggir, vængir	18%	263 kr/kg	0%	1.195 kr/kg
- Af kalkúnum					
-- Sneiðar og hlutar, nýtt eða kælt:					
--- Beinlaust	Ferskar bringur	18%	299 kr/kg	0%	1.545 kr/kg

<sup>1</sup> Taflan er tekin saman úr tollskrá Íslands og Noregs og miðast við gengi Norsku krónunnar 15,20.

--- Annað	Fersk læri, leggir, vængir	18%	299 kr/kg	0%	1.545 kr/kg
-- Sneiðar og hlutar, fryst:					
--- Beinlaust	Frystar bringur	18%	600 kr/kg	0%	1.195 kr/kg
--- Annað	Fryst læri, leggir, vængir	18%	362 kr/kg	0%	1.195 kr/kg
<b>Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt</b>					
--- Annað	Saltað, reykt eða þurrkað fuglakjöt	18%	218 kr/kg	0%	2.193 kr/kg
-sérstakur tollflokkur í Noregi 0210.9904					
<b>Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt</b>					
<b>- Svínakjöt</b>					
-- Læri, bógur og sneiðar úr því, með beini		18%	302 kr/kg	0%	917 kr/kg
-- Slög og sneiðar af þeim		18%	217 kr/kg	0%	1.364 kr/kg
<b>--- Reykt</b>					
---- Beinlaust	T. d. beinlaus hamborgarhryggur	18%	268 kr/kg	0%	1.841 kr/kg
---- Annað		18%	717 kr/kg	0%	1.841 kr/kg

Það leiðir af sjálfu sér, að þeir tollar sem lagðir eru á innflutta matvöru í Noregi nægja til að takmarka að mestu innflutning sláturafurða frá öðrum löndum EES-svæðisins. Einnig verður að horfa til þess, að samkeppnisstaða íslenskra framleiðenda er mun lakari en framleiðenda sláturafurða í Noregi, einkum með hliðsjón af smæð markaðarins, sem gerir það að verkum að þeir eiga mun erfiðara með að bregðast við aukinni samkeppni erlendrar framleiðslu, sbr. að framan.

Af þessu má vera ljóst, að nauðsynlegt er að hækka tolla vegna alifugla og svínakjöts, ef ekki á að koma til algers hruns hjá þessum framleiðendum hér á landi. Engin ástæða er til að ætla, að önnur sjónarmið eigi við hér á landi en í Noregi, hvað varðar stöðu þessara greina gagnvart erlendri framleiðslu.

## V.

Auk þess sem að framan hefur verið ritað, er bent sérstaklega á þau sjónarmið er varða heilbrigði afurða auk dýraverndunarsjónarmiða. Verði innflutningur sláturafurða frá löndum innan hins evrópska efnahagssvæðis (EES) heimilaður, líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, er nauðsynlegt að fyrir hendi séu úrræði til að unnt sé að koma í veg fyrir dreifingu afurða hér á landi, sem eru sýktar eða á annan hátt eru hættulegar heilsu manna. Jafnframt er nauðsynlegt, að áfram verði í lögum sérstök ákvæði sem lúta að því að tryggja heilbrigði dýra í landinu.

Með hliðsjón af framansögðu, eru gerðar eftirfarandi tillögur til breytingar á frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

**Eftirfarandi tillaga er gerð til breytinga á 5. gr. frumvarpsins er varðar breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995. Greinin eru birt í heild sinni, sambhengisins vegna, en breytingatillagan er skáletruð:**

#### 5. gr.

Við IV. kafla bætast fjórar nýjar greinar, 8. gr. a – 8. gr. d, svohljóðandi:

##### a. (8. gr. a.)

*Til að hindra að til landsins berist afurðir sem geta verið hættulegar heilsu neytenda, er óheimilt að flytja til landsins hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, unnar og óunnar, sem haldnar eru sjúkdómi eða smitefnum, svo sem veirum, bakteríum eða sveppum sem geta valdið sýkingu í fólki, eða bera leiðar lyfja eða annarra aðskotaefna sem geta verið hættuleg heilsu neytenda.*

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um rannsóknir og eftirlit með innflutningi á hráum og lítt söltuðum sláturafurðum til að tryggja heilbrigði og heilnæmi afurðanna, og hvernig háttað skuli sýnatöku við rannsókn og eftirlit.*

##### b. (8. gr. b.)

Matvæli sem eru ekki örugg, þ.e. heilsuspillandi eða óhæf til neyslu, er óheimilt að markaðssetja.

Við ákvörðun um hvort matvæli séu örugg skal hafa hliðsjón í fyrsta lagi af því hvernig neytendur nota matvælin venjulega á hverju stigi framleiðslu og dreifingar og í öðru lagi upplýsingum sem neytendum eru veittar, þ.m.t. upplýsingar á merkimiða, eða öðrum upplýsingum sem neytendur hafa almennt aðgang að og þar sem fram kemur hvernig þeir geti forðast tiltekin matvæli eða tiltekinn matvælaflokk sem getur haft skaðleg áhrif á heilsuna.

Við ákvörðun um hvort matvæli séu heilsuspillandi skal hafa hliðsjón í fyrsta lagi af líklegum, bráðum áhrifum og/eða skammtímaáhrifum og/eða langtímaáhrifum þessara matvæla á heilsu þeirra sem neyta þeirra og einnig á næstu kynslóðir, í öðru lagi líklegum, uppsöfnuðum eituráhrifum og í þriðja lagi sérstöku næmi ákveðins hóps neytenda fyrir tilteknum matvælum ef matvælin eru ætluð þeim hópi.

Við ákvörðun um hvort matvæli séu óhæf til neyslu skal hafa hliðsjón af því hvort matvælin séu óviðunandi til neyslu með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar eða vegna mengunar eða vegna þess að þau eru rotin, spillt eða skemmd.

c. (8. gr. c.)

Stjórnandi matvælafyrirtækis bera ábyrgð á að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna sem gilda um starfsemi þess á hverjum tíma. Stjórnandi bera ábyrgð á öllum stigum framleiðslu og dreifingar í fyrirtækjum undir hans stjórn og skal sannprófa að þessum kröfum sé fullnægt.

d. (8. gr. d.)

Ef stjórnandi matvælafyrirtækis álitur eða hefur ástæðu til að álíta að matvæli, sem hann hefur flutt inn, framleitt eða dreift, séu ekki í samræmi við kröfur um öryggi matvæla og hann hefur ekki lengur beint forræði yfir þeim skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að taka umrædd matvæli af markaðnum og tilkynna það hlutaðeigandi eftirlitsaðila. Ef varan er komin í hendur neytenda skal stjórnandinn upplýsa þá á skilvirkan og nákvæman hátt um ástæðurnar fyrir því að varan var tekin af markaðnum og, ef nauðsyn krefur, innkalla vörur sem neytendum hafa þegar verið afhentar ef aðrar ráðstafanir nægja ekki til þess að tryggja viðtæka heilsuvernd.

Álíti stjórnandi matvælafyrirtækis eða hafi hann ástæðu til að álíta að tiltekin matvæli, sem hann hefur markaðssett geti verið heilsuspillandi skal hann þegar í stað tilkynna það hlutaðeigandi eftirlitsaðila. Stjórnendur skulu tilkynna yfirvöldum um aðgerðir til að fyrirbyggja hættu fyrir neytandann og jafnframt eiga allt það samstarf við yfirvöld sem dregið getur úr eða eytt áhættu vegna viðkomandi matvæla.

Með þessu er bætt við ákvæði í 8. gr. a, svo unnt verði að koma í veg fyrir, eða takmarka verulega, innflutning á hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, sem innihalda sjúkdóma eða efni sem álitin eru hættuleg mönnum. Umrædd breyting felur ekki í sér takmarkanir á



aðgengi erlendra framleiðenda að hinum íslenska markaði, enda er þetta í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til innlendra framleiðenda búfjár, og ekki er gert ráð fyrir að slakað verði á í frumvarpinu, sbr. ákvæði 10. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, en þar er að finna ítarleg ákvæði um rannsókn og eftirlit með sláturdýrum. Í 13. gr. EES samningsins segir:

„Ákvæði 11. og 12. gr. koma ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaoýruggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, eða vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila.“

Ákvæðið er í samræmi við 30. gr. Rómarsamningsins. Það felur í sér undantekningu frá meginreglunni um frjáls vöruviðskipti, en felur í sér heimild fyrir aðildarþjóðir til þess að m.a. framkvæma aðgerðir með hliðsjón af almannaoýruggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra. Slíkar aðgerðir verða þó almennt að vera reistar á rökstuddum, hlutrænum sjónarmiðum og markmiðum, þannig að innflytjendum afurða sé ekki mismunað gagnvart innlendum framleiðendum. Framangreindar tillögur eru þess eðlis, að þær falli undir sjónarmið 13. gr. EES-samningsins. Auk þess verða tillögurnar ekki taldar mismuna aðilum í þessu efni, sbr. það sem rakið hefur verið. Jafnframt er mikilvægt í þessu efni, að tryggt verði, að jafnræðis sé gætt hvað þetta varðar. Markmiðið er skýrt, þ.e. almannaoýruggi og heilsuvernd. Gildir einu hvort um er að ræða innlenda eða erlenda framleiðendur afurða, aðgerðir til að ná þessu markmiði koma jafnt við báða. Bent er sérstaklega á, að gerðar eru rikari kröfur til innlendra framleiðenda hvað varðar heilbrigði og heilnæmi alifuglaafurða, sbr. ákvæði laga nr. 96/1997, og reglugerðar nr. 260/1980 með síðari breytingum, en almennt er gert í löndum Evrópusambandsins. Ern þær reglur sem um þetta gilda hér á landi settar með hagsmuni neytenda að leiðarljósi, og er fráleitt að draga úr þeim heilbrigðiskröfum, þó að önnur ríki kunni að eiga í erfiðleikum með að uppfylla þær kröfur.

Ótækt er að innfluttar afurðir sæti ekki sömu meðferð að þessu leyti. Með breytingartillögunni er hins vegar reynt að tryggja að innfluttar sláturafurðir, hráar og lítt saltaðar, verði rannsakaðar þannig að eingöngu afurðir sem ekki eru sýktar eða óheilnæmar til neyslu, verði boðnar til sölu á innlendum markaði.

Með markvissu eftirliti, hefur tekist að halda tilfellum salmónellu- og kamfilóbactersýkinga hér á landi í algeru lágmarki, einkum hin síðari ár, enda hefur markvisst verið unnið að því, að útrýma eða draga úr sýktum kjötvörum á markaði hérlendis. Í Evrópu er staðan hins vegar allt önnur, en þar eru sýkingar í sláturafurðum algengar, auk þess sem ekki virðast gerðar jafn strangar kröfur til kjötvöru af hálfu smásala og neytenda í Evrópu og gerðar eru hér á landi. Verði frumvarpið óbreytt að lögum, er hætt við að sá mikli árangur sem náðst hefur hér á landi við að ráða niðurlögum sýkinga í kjötafurðum verði að engu. Þykja því verulegir almannahagsmunir standa til þessarar breytinga á ákvæðinu.

**Eftirfarandi tillaga er gerð til breytinga á 30. gr. frumvarpsins er varðar breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993. Greinin eru birt í heild sinni, samhengisins vegna, en breytingatillagan er skáletruð:**

### 30. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Til að hindra að dýrasjúkdómur berist til landsins er óheimilt að flytja til landsins eftirtaldar vörutegundir:

*a. hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, unnar og óunnar, sem haldnar eru dýrasjúkdómum, sbr. 4. gr.*

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um rannsóknir og eftirlit með innflutningi á hráum og lítt söltuðum sláturafurðum til að tryggja heilbrigði og heilnæmi afurðanna, og hvernig háttað skuli sýnatöku við rannsókn og eftirlit.*

b. kjötmjöl, beinamjöl og blóðmjöl,

c. hey og hálm,

d. hvers konar notaðar umbúðir, reiðfatnað, reiðtygi, vélar, tæki, áhöld og annað sem hefur verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang,

e. hvers konar notaðan búnað til stangaveiða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Matvælastofnun heimilt að leyfa innflutning á vörum þeim sem taldar eru upp í *a–e-lið*, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að ákvæði 1. mgr. skuli ekki gilda fyrir einstakar vörutegundir sem þar eru taldar upp ef varan sóttþreinsast við tilbúning eða sérstök sóttþreinsun er framkvæmd fyrir innflutning og vörunni fylgir fullnægjandi vottorð um uppruna, vinnslu og sóttþreinsun. Ráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á vörum sem hætta telst á að smitefni geti borist með og hætta telst geta steðjað af varðandi heilbrigði dýra.

Um framkvæmd þessarar greinar fer einnig eftir ákvæðum annarra laga og alþjóðasamninga sem íslenska ríkið er aðili að.

Rétt þykir að innflutningur á hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, unnum og óunnum verði áfram óheimill líkt og nógildandi lög gera ráð fyrir, ef afurðirnar eru haldnar dýrasjúkdómum skv. 4. gr. laganna, í samræmi við þá tillögu sem gerð er til breytinga á 5. gr. laga um matvæli, sbr. að ofan, og með sömu rökum. Ítrekað er, að með ákvæði a-liðar ákvæðisins er í sjálfu sér ekki verið að takmarka innflutning á hráum eða lítt söltuðum sláturafurðum, heldur er eingöngu verið að tryggja, að ekki verði fluttar til landsins sýktar afurðir, afurðir sem óhæfar eru til neyslu, eða eru hættulegar neytendum eða teljast skaðleg dýrum í landinu í samræmi við markmið og tilgang laga nr. 25/1993, um meðferð dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. 1. gr. laganna.

Í 4. gr. laganna er hugtakið dýrasjúkdómur skýrt sem smitsjúkdómur sem orsakast af völdum örveira eða sníkjudýra, efnaskiptasjúkdómur, erfðasjúkdómur, eitranir og aðrir sjúkdómar sem lög þessi ná til.

Jafnframt eru gerðar athugasemdir við ákvæði 2. mgr. b-liðar 67. gr. frumvarpsins, sem gerir ráð fyrir því að bannað verði að nota dýraprótein til fóðurgerðar fyrir dýr sem alin eru upp til

manneldis, þó með þeirri undantekningu að heimilað er að nota dýraprótein unnið úr fiski sem fóður eða til fóðurgerðar fyrir jórturdýr.

**Er gerð tillaga til eftirfarandi breytingar á 2. mgr. b-liðar 67. gr. frumvarpsins, er varðar breytingu á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum:**

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota dýraprótein sem búið er til úr fiski sem fóður eða til fóðurgerðar *fyrir dýr sem alin eru upp til mannelldis.*

Engin efnisleg rök eru til þess að takmarka undanþágu við notkun fiskimjöls við fóðrun jórturdýra, og því er lagt til að þetta verði heimilað til fóðrunar allra dýra sem alin eru til mannelldis.


## VI.

Nái frumvarpið fram að ganga óbreytt, er ljóst að það mun stefna afkomu innlendra framleiðenda búfjárafurða í mikla tvísýnu. Frumvarpið gerir ráð fyrir óheftum innflutningi erlendra afurða, á kostnað innlendra. Jafnframt kemur ekkert fram um að ráðgerðar séu breytingar á tollareglum, sem þó er sýnt að eru nauðsynlegar til að gera innlendum framleiðendum kleift að keppa á jafnréttisgrundvelli við erlenda samkeppnisaðila sína. Hljóta stjórnvöld að grípa til slíkra aðgerða, eigi ekki að gera útaf við innlenda framleiðslu á landbúnaðarvörum.

Með frumvarpinu er jafnframt verið að kasta fyrir róða þeim heilbrigðiskröfum sem gerðar hafa verið hér á landi, með þeim árangri að sýkingum i matvælum hefur verið haldið í algeru lágmarki. Er það raunar svo, að nú orðið heyrta kamfýlóbakter- og salmónellusýkingar í mönnum, af völdum innlendra kjötafurða, til algerra undantekninga hér á landi. Þær tillögur sem lagðar hafa verið fram í umsögn þessari miða að því, að þessari vernd gegn sýkingum og sjúkdómum verði viðhaldið og mikilvægt er að ekki verði grafið undan þeirri vinnu sem unnin hefur verið í þessum málum undanfarin ár.

Umsögnin er gerð með hliðsjón af þeim gögnum sem lágu fyrir, en afar stuttur tími gafst til andsvara miðað við umfang og mikilvægi efnisins. Telja verður eðlilegt að hagsmunaaðilum hefði verið gefinn rýmri tími til umsagnar, enda er frumvarpið viðamikið, og felur í sér ótal tilvísanir í settar og ósettar gerðir. Jafnframt má segja, að ekki komi skýrt fram hvaða atriði frumvarpsins stafa frá íslenskum stjórnvöldum og hvaða atriði leiða af innleiðingu gerða Evrópusambandsins. Þá fylgdu frumvarpinu ekki þau gögn sem varða ákvarðanatöku um að semja um endurskoðun á undanþágu Íslands í viðauka eitt við samninginn. Umsögn þessi er lögð fram með ofangreindum fyrirvörum.

Virðingarfyllt,



Lára L. Blöndal hrl.